



Júlí 2020

HVATARBLAÐIÐ

TOMBÓLAN Á BORG 8. ÁGÚST

Kl 12.00 til 15.00
eða á meðan miðar endast

Tombólan á Borg er haldin í 95. sinn af Kvenfélagi Grímsneshrepps. Öll innkoma rennur til góðra málefna.

Flottir vinningar fyrir alla fjölskylduna.

Engin núll!

Hver veit nema að figúrur fari á stjá.

TOMBÓLA - MIÐAVERÐ: 400kr

Candyfloss og popp. Sundlaug og flott tjalðsvæði á staðnum.

Allir velkomnir!



Í ár munum við leyfa Tombólunni okkar að eiga sviðið vegna fjöldatakmarkanna í samfélaginu í stað Grímsævintýra en hún hefur verið haldin árlega frá árinu 1926. Munum 2ja metra regluna og gætum að sóttvörnum. Flæði gesta um húsið verður stýrt



**484. fundur Sveitarstjórnar
Grímsnes- og Grafningshrepps
03. júní 2020 kl. 09:00 - 10:35
Stjórnsýsluhúsinu Borg**

Sveitarstjórnarmenn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Steinar Sigurjónsson í fjarveru Ingibjargar Harðardóttur
- Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerð ritaði: Ása Valdís Árnadóttir

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 196. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 27. maí 2020.

Mál nr. 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23 og 32 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar

Lögð fram 196. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 27. maí 2020. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 14: 200505 - Neðra-Apavatn lóð L169296; Kaldavatsborun; Framkvæmdaleyfi

Fyrir liggur umsókn frá Baldri Hafstað, dags. 12. maí 2020, um framkvæmdaleyfi fyrir borun neysluvatnsborholu við fyrirhugað sumarhús á lóðinni.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að framkvæmdaleyfi verði veitt með fyrirvara um grenndarkynningu í samræmi við 8. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Jafnframt telur sveitarstjórn að kynna verði málið eigendum aðliggjandi lóða ásamt sumarhúsafélagi svæðisins.

Mál nr. 15: 1909031 - Kringla 4 L227914; Frístundabyggð; Deiliskipulag.

Fyrir liggur umsókn frá Má Jóhannssyni og Sveini Yngva Valgeirssyni vegna deiliskipulags í landi Kringlu 4, L227914. Deiliskipulagið tekur til um 22.6 ha svæðis á jörðinni Kringlu 4. Tillagan gerir ráð fyrir 32 nýjum frístundahúsalóðum frá 5.000-8.753 m² að stærð. Aðkoma að svæðinu er um Sólheimaveg og inn Árveg. Deiliskipulagstillagan er í samræmi

við gildandi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 m.s.br. og hefur skilgreiningu sem frístundasvæði (F52b). Málinu var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 4.3.2020 en er nú tekið fyrir eftir uppfærslu á gögnum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagstillöguna og að tillagan fái málsmeðferð á grundvelli 1.mgr. 41.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 16: 2004033 - Steingrímsstöð L170935; Olíuskipti á aflspenni og viðgerðir; Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi frá Landsvirkjun Sogssvæði / Jóhanni Snorra Bjarnasyni. Í framkvæmdinni felst að skipta þarf um olíu á 6,6/66kV aflspenni fyrir Steinsgrímsstöð. Um er að ræða um 17.000 ltr. af spennalíu sem flytja þarf inn á svæðið og meðhöndla. Fyrirhugað er að fara í viðhaldsvinnu utanhúss á stöðvarhúsi og jöfnunarþró. Lagfæra á múrhúð, gluggabéttingar og endurmála. Umsækjandi vill koma því á framfæri að Steingrímsstöð er innan vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipulagsfulltrúi gefi út framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð 772/2012.

Mál nr. 17: 2005055 - Selholt L205326; Deiliskipulag.

Fyrir liggur umsókn frá Eiríki Steinssyni dags. 18.5.2020 vegna deiliskipulags á landinu Selholt. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á byggingarreitum fyrir íbúðarhús, reiðhöll og hesthús og vélageymslu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagstillöguna og að tillagan fái málsmeðferð á grundvelli 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 18: 2005078 - Miðengi L168261; Leynir; Stofnun lóðar.

Fyrir liggur umsókn Dagnýjar Bjarnadóttur f.h. eigenda, dags. 27. apríl 2020, um stofnun nýrrar landeignar út úr jörðinni Miðengi L168261. Um er að ræða 55.818 fm² landeign og óskað eftir að hún fái staðfangið Leynir sem dregið er af örnefni á lægðardragi í landinu. Aðkoman er um núverandi veg frá Bústjórabraut og Miðengisveg (nr. 3747). Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. jarðalaga. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að lóðin fái heitið Leynir.

Mál nr. 19: 2005082 – Grímsnes- og Grafningshreppur; Endurnýjun hitaveitulagnar að Björk; Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi frá Grímsnes- og Grafningshreppi. Í framkvæmdinni felst endurnýjun hitaveitulagna að Björk í samræmi við yfirlitsmynd. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipulagsfulltrúi gefi út framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð 772/2012.

Mál nr. 20: 2005083 - Grímsnes- og Grafningshreppur; Nýjar réttir; Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi frá Grímsnes- og Grafningshreppi. Í framkvæmdinni felst gerð nýrra rétta í Grafningi. Réttirnar verða smíðaðar úr gagnvörðu timbri og gert er ráð fyrir að settur verði malarpúði undir svæðið og aðkomuvegur lagaður. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipulagsfulltrúi gefi út framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð 772/2012.

Mál nr. 21: 2005081 - Grímsnes- og Grafningshreppur; Gangstéttir og göngustigar; Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi frá Grímsnes- og Grafningshreppi. Í framkvæmdinni felst lagning gangstétta og malbikun þeirra innan þéttbýlisins á Borg. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipulagsfulltrúi gefi út framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð 772/2012.

Mál nr. 22: 2005085 - Grímsnes- og Grafningshreppur; Yndisskógur; Aðalstig; Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn frá Grímsnes- og Grafningshreppi um lagningu stígs um áætlað útivistarsvæði norðan Borgar í Grímsnesi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að framkvæmdaleyfi verði veitt að undangenginni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 9. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er varðar meðmæli Skipulagsstofnunar með framkvæmd. Skipulagsfulltrúa falið að senda erindi á Skipulagsstofnun.

Mál nr. 23: 2005086 - Grímsnes- og Grafningshreppur; Björk 1 L211337; 1-3 vinnsluholur; Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn frá Grímsnes- og Grafningshreppi um gerð 1-3 vinnslu borhola allt að 70 metra djúpra við núverandi borplan að Björk í samræmi við framlagðan uppdrátt. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipulagsfulltrúi gefi út framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð 772/2012

Mál nr. 32: 2005003F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20 – 121.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. maí 2020.

b) Fundargerð lögreglustjóra Suðurlands með bæjar- og sveitarstjórum, 18. maí 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 15. stjórnarfundar Byggðasafns Árnesinga, 26. maí 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 7. fundar byggingarnefndar Búðarstígs, 26. maí 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) **Fundargerð 558. fundar stjórnar SASS, 22. maí 2020.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) **Fundargerð 40. stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 12. febrúar 2020.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) **Fundargerð 41. stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 12. mars 2020.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar

h) **Fundargerð 883. stjórnarfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 8. maí 2020.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) **Fundargerð 884. stjórnarfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 20. maí 2020.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Tilboð í gerð aðalstíga í yndisskógi.

Fyrir liggja tilboð í gerð aðalstíga í yndisskógi á Borg. Þrjú tilboð bárust, frá Jóni Ingileifssyni ehf. kr. 26.186.400, Jóhannesi Guðmundssyni kr. 12.421.420 og Suðurtaki ehf. kr. 7.272.200. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka lægsta tilboði, frá Suðurtaki ehf. Ragnari Guðmundssyni falið að fylgja málinu eftir.

3. Ályktun um malbikun í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur að verið er að leggja klæðningu á Grafningsveg efri (360-02) frá Úlfjótuvatni að Ölfusvatnsá. Á þeirri leið eru tvær einbreiðar brýr sem ógna umferðaröryggi. Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum af því að ekki standi til að fjarlægja brýrnar samhliða yfirstandandi framkvæmdum. Sveitarstjórn óskar hér með eftir að Vegagerðin endurskoði áform sín um að láta brýrnar standa óbreyttar.

4. Grafningsréttir.

Fyrir liggja drög af leigusamningi milli Grímsnes- og Grafningshrepps, Bandalags íslenskra skáta, Skátasambands Reykjavíkur og Skógræktarfélag Íslands um leiguland undir nýjar réttir í vesturhluta sveitarfélagsins. Unnið er að byggingu nýrra rétta í vesturhluta sveitarfélagsins sem fá heitið Grafningsréttir og munu þær taka við af Selfataréttum sem einnig eru í landi Bandalags íslenskra skáta, Skátasambands Reykjavíkur og Skógræktarfélag Íslands. Nýju réttirnar verða vígðar þann 14. september næstkomandi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög og felur oddvita / sveitarstjóra að skrifa undir samninginn.

5. Afrit af bréfi frá Vegagerðinni þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Minni-Borgarvegs nr. 3761-01 af vegaskrá.

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Vegagerðinni, dagsett 26. maí 2020 þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Minni-Borgarvegs nr. 3761-01 af vegaskrá. Bréfið lagt fram til kynningar.

6. Tölvupóstur frá Alberti Guðmundssyni verkefnastjóra f.h. Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir breytingu á aðalskipulagi.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Alberti Guðmundssyni verkefnastjóra f.h. Landsvirkjunar, dagsett 28. maí 2020 þar sem óskað er eftir breytingu á aðalskipulagi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps tekur jákvætt í erindi Landsvirkjunar er varðar breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins við iðnaðarsvæði I2 í tengslum við uppbyggingu á vettisvinnslu við Ljósafossstöð. Skipulagsfulltrúa falið hafa umsjón með gerð skipulagslýsingar vegna verkefnisins á grundvelli 1.mgr.36.gr. og 30.gr.skipulagslaga nr.123/2010 og taka málið til afgreiðslu og umræðu innan skipulagsnefndar UTU.

7. Bréf frá Þóri Ólafssyni og Eiríki Benónýssyni f.h. Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um fjármál sveitarfélaga í kjölfar Covid-19.

Fyrir liggur bréf frá Þóri Ólafssyni og Eiríki Benónýssyni f.h. Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, dagsett 14. maí 2020 um fjármál sveitarfélaga í kjölfar Covid-19. Bréfið lagt fram til kynningar.

8. Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Fyrir liggur minnisblað frá Lögfræði- og velferðarsviði Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 26. maí 2020 vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts. Lagt fram til kynningar.

9. Tölvupóstur frá Hermanni Jónassyni forstjóra Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um skýrslu starfshóps um brunamál.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Hermanni Jónassyni forstjóra Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, dagsett 28. maí 2020 um skýrslu starfshóps um brunamál. Lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá Sigurði Inga Jóhannssyni samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um áhrif Covid-19 á fjármál sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Sigurði Inga Jóhannssyni samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dagsett 25. Maí 2020 um áhrif Covid-19 á fjármál sveitarfélaga. Bréfið lagt fram til kynningar.

11. Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf.

Fyrir liggur bréf frá Sveinbjörgu Sveindóttur, framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna hf., dagsett 26. maí 2020 þar sem tilgreint er að aðalfundur félagsins verði haldinn 11. júní n.k.í fyrirlestrarsal á 2. hæð í Þjóðarbókhöðu, Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni. Bréfið lagt fram til kynningar.

12. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Fyrir liggur bréf frá Óttari Guðjónssyni, framkvæmdstjóra Lánasjóðs

sveitarfélaga ohf. dagsett 25. maí 2020 þar sem tilgreint er að aðalfundur Lánasjóðsins verði haldinn 12. júní á Grand Hótel Reykjavík. Bréfið lagt fram til kynningar.

13. Ársreikningur og ársskýrsla Skógræktarfélags Grímsnesinga 2019.

Lagt fram til kynningar.

14. Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga 2019.

Lagt fram til kynningar.

15. Beiðni Velferðarnefndar um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 (notendaráð), 838. Mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.



Sumarlokun á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps verður lokuð vegna sumarleyfa starfsmanna

frá 20. júlí til og með 7. ágúst 2020.

Sumarleyfi sveitarstjórnar og næstu fundir hennar.

Sveitarstjórn verður í sumarleyfi fyrri fund í ágúst.

Næstu fundir sveitarstjórnar verða því,
15. júlí og 19. ágúst kl. 9:00.



Kæru eldri borgarar,

Mötuneyti Kerhólsskóla opnar aftur
eftir sumarfrí 10. ágúst.



485. fundur Sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 16. júní 2020 kl. 09:00 - 12:25 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórnarmenn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Karl Þorkelsson í fjarveru Björns Kristins
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Ingibjörg Harðardóttir
- Bjarni Þorkelsson

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 6. maí 2020.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 6. maí 2020 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. maí 2020.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. maí 2020 liggur frammi á fundinum.

3. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 3. júní 2020.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 3. júní 2020 liggur frammi á fundinum.

4. Fundargerðir.

a) Fundargerð 87. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 19. maí 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 88. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 8. júní 2020.

Mál nr. 1 og 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 88. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 8. júní 2020. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Skóladagatal 2020- 2021.

Skóladagatal 2020 – 2021 lagt fram til staðfestingar.

Sveitarstjórn samþykkir skóladagatal 2020-2021 samhljóða.

Mál nr. 4: Framkvæmdir á skólahúsnæði og lóð yfir sumartímann.
Kynnt voru þau atriði sem þarfnast úrbóta, bæði hvað varðar viðhald og viðbætur á skólalóð og húsnæði. Sveitarstjóra falið að vinna að úrlausn málsins í samstarfi við skólastjóra og í samræmi við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

c) Fundargerð 197. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 10. júní 2020.

Mál nr. 8, 9, 10, 11, 12, 13 og 18 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 197. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 10. júní 2020. Eftirfarandi dagskrárlíðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 8: 1906060 - Snæfoksstaðir frístundabyggð; Breyting deiliskipulags svæði D.

Fyrir liggur umsókn Skógræktarfélag Árneseinga, dags. 18. júní 2019 er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar að Snæfoksstöðum svæði D. Í breytingunni felst fjölgun frístundalóða úr 48 lóðum í 50. Þar af eru 49 frístundalóðir byggðar og ein óbyggð. Ennfremur er innan svæðisins gert ráð fyrir einni landbúnaðarlóð sem tengist starfsemi skógræktarinnar. Málið er tekið fyrir eftir auglýsingu í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemd barst við skipulagið á auglýsingatíma og er hún meðfylgjandi sem fylgiskjal.

Deiliskipulagsbreyting að Snæfoksstöðum var auglýst með athugasemdafrest frá 11. mars -22. apríl 2020. Athugasemd barst frá lóðarhafa innan svæðisins sem gerði athugasemd við nýjar lóðir sem skilgreindar voru við Nautavakir 8 og 12 innan deiliskipulags. Tekið hefur verið tillit til athugasemda og hafa viðkomandi lóðir verið felldar út innan tillögunnar eftir auglýsingu auk þess sem afmörkun lóðar Nautavakavegar 8 er lagfærð í samræmi við athugasemd og mælingu á staðnum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi deiliskipulag með ofangreindum breytingum eftir auglýsingu. Niðurstaða sveitarstjórnar verði kynnt þeim sem athugasemdir gerðu við skipulagsbreytingu. Skipulagsbreyting tekur gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunnar á grundvelli 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 9: 2006002 - Kiðjabergr; Lóð 27 og 28; Færsla lóðar; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Kiðjabergs ehf., dags. 29. maí 2020 er varðar breytingu á deiliskipulagi Kiðjabergs. Í breytingunni felst að lega lóðar nr. 27 Hlíð Kiðjabergi breytist með þeim hætti að hún er færð fast upp að lóð nr. 28. Stærð lóðar og byggingarreitir halda sér óbreyttir utan þessarar tilfærslu í samræmi við framlögð gögn. Ástæða breytinganna er lág lega lóðarinnar sem verður til þess að lóðin getur orðið útsett fyrir flóðum úr Hvítá.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytingu á deiliskipulagi Kiðjabergs og að hún fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 10: 1909068 - Villingavatn lóð (L170976); umsókn um byggingarleyfi; sumarhús – viðbygging.

Fyrir liggur umsókn Þorleifs Eggertssonar fyrir hönd Sigurðar Sigurðssonar, dags. 13. september 2019 um byggingarleyfi til að byggja við sumarhúsið 21,8 m² og 18 m² gestahús á sumarhúsalóðinni. Villingavatn lóð (L170976) lóðarstærð 2565 m² í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð eftir stækkun á sumarhúsi verður 65,5 m².

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Ef engar athugasemdir berast vegna grenndarkynningar er málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa

Mál nr. 11: 2006014 - Vesturkantur 3A L179669; Vesturkantur 4 L169443; Vesturkantur 7 L169462; Sameining lóða.

Fyrir liggur umsókn Kristínar B. Hjaltadóttur, dags. 4. júní 2020 um sameiningu þriggja lóða. Óskað er eftir að sameina lóðirnar Vesturkantur 3A L179669, Vesturkantur 4 L169443 og Vesturkantur 7 L169462 í eina landeign sem yrði um 2,5 ha eftir sameiningu skv. skráningu í fasteignaskrá. Lóðirnar eru innan deiliskipulags sem nær yfir frístundasvæði í landi Norðurkots.

Sveitarstjórnin hafnar því að lóðirnar verði sameinaðar þar sem ekki er talið æskilegt að breyta fjölda frístundahúsalóða innan þegar samþykktu hverfa.

Mál nr. 12: 2006012 - Gilvegur 3 L194826; Ormstaðir; Breyting á byggingarskilmálum; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn frá Jóni Inga Sigvaldasyni og Valborgu Sigrúnu Jónsdóttur, dags. 5. júní 2020 um breytingu á deiliskipulagi sumarhúsalóðarinnar Gilvegi 3 í landi Ormstaða. Í breytingunni felst að heimildir fyrir notkun byggingarefna eru auknar, byggingarheimild sumarhústaða er aukin úr 100 m² í 200 m². Mænishæð er aukin úr 5 m í 6 m. Heimildir fyrir þakhalla eru auknar úr 14-60° í 2-60° auk þess sem heimilað er að byggja tvö smærri hús á lóðinni sem ekki mega vera stærri en 40 m². Heimildum fyrir byggingar innan byggingarreits er breytt í samræmi við það. Óskað er eftir því að breytingin fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi skipulagsbreytingu taki hún til skipulagssvæðisins í heild. Sveitarstjórn telur að umsótt breyting sé of umfangsmikil til að geta fallið undir 2. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga og verði sérstaklega kynnt fyrir

sumarhúseigendum innan deiliskipulagssvæðisins eða sumarhúsafélagi sé það til staðar auk landeiganda upprunalands. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að nýtingarhlutfall lóða verði skilgreint 0,03 innan skipulagsskilmála í samræmi við aðalskipulag.

Mál nr. 13: 2006015 - Dvergahraun 28; Aukning á byggingamagni; Breyting á byggingareit; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Guðnýjar Stefánsdóttur, dags. 5. júní 2020 er varðar breytingu á deiliskipulagi lóðar Dvergahrauns 28 innan frístundabyggðar Farborgar í landi Miðengis. Í umsókninni felst aukning á byggingarmagni útihúsa úr 40 m² í 80 m² auk þess sem heimilt verði að fara út fyrir byggingarreit með geymslurými 5x3.5 m að stærð neðanjarðar.

Þakhalli á niðurgrofnu geymsluhúsnæði geti verið 0°.

Sveitarstjórn hafnar fyrirliggjandi breytingu á deiliskipulagi. Umsóknin er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps.

Mál nr. 18: 2005005F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20 – 122.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. júní 2020.

d) Fundargerð 41. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 2. júní 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 17. fundar stjórnar Bergrisans, 3. júní 2020.

Mál nr. 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 17. fundargerð stjórnar Bergrisans, dags. 3. júní 2020.

Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 4: Verklagsreglur um stuðningsfjölskyldur og reglur um NPA.

Fyrir liggja verklagsreglur um stuðningsfjölskyldur og reglur um NPA.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fyrirliggjandi verklagsreglur.

f) Fundargerð 18. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 12. maí 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 205. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 2. júní 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 293. fundar Sorpstöðvar Suðurlands, 26. maí 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð stjórnar Rangárbakka, þjóðarleikvangs íslenska hestsins ehf., 27. apríl 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. Kjörskrá og kjörfundur.

Kjörskrá vegna kosninga til forseta Íslands er lögð fram og yfirfarin. Á kjörskrá eru 364 aðilar, 195 karlar og 169 konur. Sveitarstjórn felur oddvita að árita kjörskrána. Jafnframt er oddvita veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna forsetakosninga 27. júní n.k. í samræmi við 27. gr. laga nr. 24/2000, sbr. lög nr. 36/1945. Kjörskráin mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til 25. júní n.k.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kjörstaður vegna kosninga til forseta Íslands þann 27. júní n.k. verði í stjórnsýsluhúsinu á Borg í fundarsal sveitarstjórnar á 2. hæð. Einnig er samþykkt að bjóða upp á kaffiveitingar á meðan kjörfundi stendur.

6. Úrskurður Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í máli nr. SRN19050056, kæra Innovation Now á stjórnsýslu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur úrskurður Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í máli nr. SRN19050056, kæra Innovation Now á stjórnsýslu Grímsnes- og Grafningshrepps. Að mati sveitarstjórnar stenst úrskurðurinn ekki lögfræðilega og samþykkir sveitarstjórn samhljóða að bera hann undir dómstóla. Lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. er falið að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

7. Bréf frá Kristni Ólafssyni framkvæmdarstjóra Bandalags íslenskra skáta þar sem óskað er eftir samstarfi við sveitarfélagið um starf ungra skáta.

Fyrir liggur bréf frá Kristni Ólafssyni framkvæmdarstjóra Bandalags íslenskra skáta, dagsett 3. júní 2020 þar sem óskað er eftir samstarfi við sveitarfélagið um starf ungra skáta. Sveitarstjórn felur oddvita að vinna málið áfram.

8. Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands.

Fyrir liggur bréf frá Bjarna Guðmundssyni f.h. stjórnar Eignarhaldsfélags Suðurlands, dagsett 12. júní 2020 um að aðalfundur félagsins verði haldinn þann 26. júní n.k. í Hveragerði. Fulltrúi sveitarfélagsins er Smári Bergmann Kolbeinsson og til vara Björn Kristinn Pálmarsson. Bréfið lagt fram til kynningar.

9. Bréf frá Minjastofnun Íslands um friðlýsingu Laxabakka, Öndverðarnesi 2.

Fyrir liggur bréf frá Kristínu Huld Sigurðardóttur f.h. Minjastofnunar Íslands dags. 4. júní 2020 þar sem tilkynnt er um friðlýsingu Laxabakka, Öndverðarnesi 2, fyrrum sumarhús Ósvalds Knudsen. Bréfið lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samorku um átak í fráveituframkvæmdum.

Fyrir liggur bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samorku, dags. 2. júní 2020 þar sem greint er frá átaki í fráveituframkvæmdum. Bréfið lagt fram til kynningar.

Kerhólsskóli



Kerhólsskóli óskar eftir að ráða sérkennara

Um er að ræða 100% stöðuhlutfall

Helstu verkefni og ábyrgð:

Halda utan um sérkennslumál og er kennurum til stuðnings varðandi nám og kennslu barna sem þarfnast stuðnings.

Menntunar og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi
- Þroskaþjálfamenntun æskileg
- Reynsla af kennslu á báðum skólastigum æskileg
- Góðir skipulagshæfileikar
- Reynsla af teymisvinnu æskileg

Vænst er af umsækjendum:

- Frumkvæði í starfi, faglegs metnaðar og ábyrgðar
- Sjálfstæði og skipulagðra vinnubragða
- Sveigjanleika, jákvæðni og góðrar færni í samskiptum.
- Góðrar íslenskukunnáttu
- Vilja til að gera góðan skóla betri.

Upplýsingar um skólann má finna á <https://www.kerholsskoli.is/>

Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2020

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð

Umsóknarfrestur er til 21. júní 2020

Nánari upplýsingar gefur Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri í síma 480-5520, 863-0463.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra jonabjorg@kerholsskoli.is



Kerhólsskóli óskar eftir að ráða Stuðningsfulltrúa / leiðbeinanda í frístund.

Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með um 80 nemendum á aldrinum 1. árs upp í 10. bekk. Skólinn er Grænánaskóli og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt og útikennslu, list- og verkgreinar. Vakin er athygli á stefnu Grímsnes- og Grafningshrepps um jafnan hlut kynja í störfum hjá sveitarfélaginu. **Allir starfsmenn skólans sem eru í 100% vinnu fá tvær hreyfistundir á viku í vinnutíma.**

Um er að ræða 100% stöðu sem skiptist í að vera stuðningsfulltrúi ca. 60 - 70% og leiðbeinandi í frístund ca. 30%-40%.

- Stuðningsfulltrúi starfar í nánú samstarfi við umsjónarkennara og sérkennara.
- Leiðbeinandi í frístund vinnur eftir leiðsögn yfirmanns frístundar.

Vænst er af umsækjendum:

- Góðrar færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi, faglegs metnaðar og ábyrgðar
- Sjálfstæði og skipulagðra vinnubragða
- Sveigjanleika og góðrar færni í samskiptum.
- Góðrar íslenskukunnáttu
- Framtakssemi og jákvæðni.
- Vilja til að gera góðan skóla betri.

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð

Umsóknarfrestur er til 31. júlí 2020

Nánari upplýsingar gefur Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri í síma 480-5520, 863-0463 eða Íris Anna Steinarrsdóttir í síma 695-7110. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum berist til skólastjóra jonabjorg@kerholsskoli.is

Fella- og fjallgönguverkefni:

Heilsueflandi Uppsveitir, sem er samstarfsverkefni sveitarfélaganna í uppsveitum Árnessýslu, er með fella- og fjallgönguverkefni í gangi til að hvetja íbúa og gesti til ganga 5 fell í uppsveitunum. Fellin eru öll aðgengileg og leiðirnar stíkaðar þar sem þörf er og ættu flestir að finna sér fjall eða fell við hæfi. Upp á hverju fellu er póstkassi og gestabók. Ætlar þú að ganga á 2 eða 3 fell í sumar? Verkefnið er í gangi til 13. september.

Fellin eru:

- Laugarfell á Geysisvæðinu
- Stöðulfell í Skeið- og Gnúpverjahreppi
- Mosfell í Grímsnesi
- Byrgi Fjalla-Eyvindar í Skipholtsfjalli í Hrunamannahreppi
- Bláfell á Biskupstungnafrétti

Við bjóðum upp á gönguferðir með leiðsögn á fjögur fell í sumar

- 14. júlí. Byrgi Fjalla-Eyvindar: Lagt af stað frá Jötu kl. 17.30
- 21. júlí. Stöðulfell: Lagt af stað frá bænum Stöðulfelli kl. 17.30
- 11. ágúst. Mosfell: Lagt af stað frá Mosfellskirkju kl. 17.30
- 22. ágúst. Bláfell: Lagt af stað frá bílastæði á Bláfellshálsinum kl. 11.00

Hvetjum ykkur til að taka dagana frá og ganga með okkur. Frekari upplýsingar inn á sveitir.is, undir Heilsueflandi Uppsveitir, og einnig Instagramreikningum og facebooksíðunni @upsuveitir



Dagskrá

Sunnudaginn 5. júlí - klukkan 14:00
Hátíðarguðsþjónusta, afmælis- og kirkjudagur Sólheima 5

Laugardaginn 13. júní - klukkan 11:00
Kvennahlaup Sólheima og Sjóvá. Græna kannan 4

Laugardaginn 20. júní - klukkan 16:00
Skoðunarferð um aldingarönn Örlurt 9

Laugardaginn 11. júlí - klukkan 16:00
Eldsmíbir við Skakka skóla.

Laugardaginn 18. júlí - klukkan 16:00
Skoðunarferð um aldingarönn Örlurt 9

Sunnudaginn 9. ágúst - klukkan 14:00
Guðsþjónusta í Sólheimakirkju 6

Laugardaginn 15. ágúst
Lífraeni Dagurinn og velkomnir grannar, allan daginn! - klukkan 11:00

Bettina Wunsch hjá Hestvagnar á Íslandi.
Komdu og prófaðu alvöru 18. aldar upplifun í sveit - klukkan 13:30 - 15:30

Skemmtun fyrir börnin í Grænu könnunni eða Tröllagarð - klukkan 16:15
Pétur og úlfurinn. Brúðuleikhús Bernd Odgrodnið. 4 / 10




Síglíð ævintýra lautarferð:
Fjöldi gönguleiða er á Sólheimum í stórbrotinni náttúru. Við ætlum að bjóða uppá Sólheima ævintýra lautarferð í allt sumar þar sem við nestum þig og þína upp í ævintýri með kort að helstu gönguleiðum á svæðinu.



Sýningar

- Sesselja - Sólheimahús **12**
- Sólheimar í 90 ár - Sólheimahús **12**
- Lionsklúbburinn Æglir - Sólheimahús **12**
- LEGO - Sesseljuhús **5**
- Höggmyndagarður - hér og þar
- Ljóðagarður - hér og þar
- Tröllagarður - milli Bláskóga og Sunnu **10**
- Trjágarður - Ötur **9**
- Grænn í 55 ár - Göngustígur við Sesseljuhús **5**
- Orkugarður - Sesseljuhús **5**
- Samsýning vinnustofa listhúsi - Græna kannan **4**
- Eins og gerst hafi í gær - tón ofan við Grænu könnuna **4**
- Minningarperlur - tón ofan við Grænu könnuna **4**
- Tröll í trjám - við Grænu könnuna **4**



1. Hringtorg og bílastaði
2. Veghús Gíðheimilí
3. Brúklukur Gíðheimilí
4. Vinstunin Vala, Græna Kannan og listhús Sólheima
5. Sesseljuhús, sýningar
6. Sólheimakirkja, tónleikar
7. Íþróttaleikhúsið, leiksýningar
8. Garðyrkjustöðin Sunna
9. Skógráktarstöðin Ökur
10. Tröllagarður
11. Vigdísarhús, skrifstofur
12. Sólheimahús og Ægisdúð.
13. Ingustofa, vinnustofur
14. Ólasmíða, vinnustofur
15. Loppumarkaður
16. Flóahringur, gönguleið 2,3 km
17. Fjósahringur, gönguleið 1,7 km

Tónleikadagskrá – Menningarveisla Sólheima 2020

Tónleikar hefjast klukkan 14:00 í Sólheimakirkju nema ef úti sé veður gott, eða annað sé kynnt



Íþróttaleikhúsið
6. Júní - kl. 14:00
Stjörnuhljómsveit Sólheima

Sólheimakirkja
18. Júlí - kl. 14:00
Gréta Salome



Sólheimakirkja
13. Júní - kl. 14:00
Jón Svavar og Guðrún Dalía

Sólheimakirkja
25. Júlí - kl. 14:00
Dos Sardinas



Sólheimakirkja
20. Júní - kl. 14:00
Öventir gestir

Sólheimakirkja
1. ágúst - kl. 14:00
Fríða Dís



Sólheimakirkja
27. Júní - kl. 14.00
Árstoðir

Sólheimakirkja
8. ágúst - kl. 14:00
Minningatónleikar Raggi Bjarna Þorgeir Ástvaldsson og vinir minnst félaga okkar allra



Sólheimakirkja
4. júlí - kl. 14:00
GÓSS

Sólheimakirkja
15. ágúst - kl. 14:00
Salka Sól



Sólheimakirkja
11. júlí - kl. 14.00
Unnur Birna og Björn Thoroddsen

Sólheimakirkja
22. ágúst - kl. 14:00
Jónas Sig.



Við íbúar Sólheima og starfsmenn þökkum ykkur sem komuð til okkar á Menningarveisluna 2020, listafólki og gestum. Þið styrkið okkur og gleðið.



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS
er aðal styrktaraðili
Menningarveislu Sólheima 2020

Hreindís

1. tölublað · 35. árgangur · Júní 2020 · útgefandi Sólheimar ses.

Sólheimar í 90 ár, 1930-2020!

Verið hjartanlega velkomin á Menningarveislu Sólheima 2020

Verið velkomin á Sólheima í allt sumar og alltaf. Sólheimar voru stofnaðir af Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur á 28 ára afmælisdegi hennar þann 5. júlí árið 1930 og fagna því 90 ára afmæli í ár.

Sumarið 2020 mun endurspeglar þennan merka áfanga og verður nóg um að vera fyrir alla. Að venju mun Menningarveisla Sólheima standa yfir allt sumarið með tilheyrandi sýningum, tónlist, óvæntum uppkomum og öðrum viðburðum.



Welcome dear guest to Sólheimar, Eco villages for 90 years and to our cultural festival 2020

Lots of fun things to do over the summer!

Throughout the summer, from the beginning of June to the end of August, there will be a concert in our church or outside if the weather is good, hopefully every Saturday at 14:00.

The shop Vala, the coffee shop Græna kannan and all exhibitions open from 11:00-18:00 every day in summer.

You want to stay? Well check out our guesthouses at 855-6080 gisting@solheimaris

Exhibitions:

Sesseljuhúsið eco-center

The LEGO® 10:00-18:00

Café Græna kannan

Exhibition from Sólheimar workshops

Exhibition in Sólheimar house:

Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir founder of Sólheimar, photos from her life.

Sólheimar 1930 – 2020 memories

Lions club Ægír, our garden angels for 63 years

Áhugaverðar sýningar:

Nýtt í Sólheimahúsi:

- Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir stofnandi Sólheima, myndir úr lífi.
- Sólheimar 1930 – 2020 minningar
- Líonsklubbunni Ægír verndarenglar Sólheima í 63 ár.
- Samsýning vinnustofa í Listhúsi Grænu könnunar.

Í Umhverfissetrinu Sesseljuhúsi:

- Sólheimatengdir LEGO kubbar ótsýgra áhrif útblásturs vinnuvæla og farartækja á loftslag jarðar.

Ásamt fjölda annarra sýninga sem verða auglýst sérstakslega á miðlum Sólheima.

Í Umhverfissetrinu Sesseljuhúsi:

Kannaðu tilboðin á facebook síðu Sólheima eða í síma 855-6080



Kíktu í Völu og

Grænu og skoðuðu listasýningu á meðan þú drekkur kaffið þitt

Ópið alla daga 11:00-18:00

Í versluninni Völu fást allar Sólheimavörur, handgerðir listmúr, grænmetið, kertin og öðrar nauðsynjavörur.

Í Grænu könnunni brennum við Sólheimablönduna, lífrænt kaffi í okkar anda, nýbrennt og malaði Græna Kannan býður einnig uppá Sólheimar grænmetisþuna, heimagerðar kókur, vörflur, lífrænt vín og annað góðgætt.

Ef þú vilt upplifa Sólheimar með bragðlaukunum þá er Græna Kannan þinn heppilegasti kostur. Sérir þig með hráðni úr nærumhverfinu svo sem Gröðurhúsinu Sunnu og matjurtagarði Sólheima og er staðsett í Hjarta Sólheima.

Fylgdu okkur á glæsýrri og lífræni Instagram síðu Sólheima #solheimareco



SÓLHEIMAR
STJÁLFBÆRT SAMFÉLAG
1930 - 2020


90
ÁR

www.solheimaris
www.facebook.com/heimasol

JARÐVINNUVERKTAKAR FEDGAVERK

Jóhannes 848-1123 & Guðmundur 868-4115

TÖKUM AÐ OKKUR STÓR OG SMÁ VERK.



JARÐVINNU, TÆTINGU ÞÖKULAGNINGU,
JARÐHEFLUN, SNJÓMOKSTUR
og BÍLAFLUTNINGA

Netfang: verktaki89@gmail.com

Opnunartímar hjá heilsugæslunni í Laugarási

Opnunartími heilsugæslunnar er frá kl. 8:00 til 16:00.

Fyrsti læknatíminn er kl. 8:20.

Símatímar eru tveir þ.e. kl. 9:00 - 9:30 og 13:00 - 13:30.

Blóðprufur eru teknar á morgnana frá kl. 8:15 - 11:00

Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU er 432 2000

Sími Neyðarlínu er 112



Lýfjaendurnýjun er hjá lækna riturum kl. 8:00—9:00 í síma 432 2020

BORGARSMÍÐUR


Tek að mér alhliða smíðavinnu



ÞORKELL
ÞORKELSSON

GSM: 848-3857

Netfang: 8483857@gmail.com



Saumakompan


TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Magnús Hlynur

Gróðrarstöðin Ártangi var með opið hús laugardaginn 13. júní síðastliðinn þar sem fólki var boðið að skoða stöðina, auk þess að smakka á ýmsum kræsingum frá G.K. bakarí og Bragginn Studio. Þá var Ártangi með kynningu á kryddsmjörinu sínu, kryddolíu og pestó. Dagurinn tókst í alla staði frábærlega en um 400 manns mættu á opna húsið. Gróðrarstöðin er opin alla virka daga vikunnar frá klukkan 10:00 til 16:00, lokað er í júlí um helgar. Sigurdís Edda Jóhannesdóttir og Gunnar Þorgeirsson stofnuðu Gróðrarstöðina Ártanga í apríl árið 1986. Meðfylgjandi myndir voru teknar 13. júní.






Unglingavinna Grímsnes- og Grafningshrepps

hefur farið vel af stað og eru tíu unglingar, sem mæta í vinnuna alla virka daga frá klukkan 08:00 til 14:00.

Verkefnið hafa verið fjölbreytt, m.a. stór þökulögn á tjaldsvæðinu á Borg, ruslatínsla víða um sveitarfélagið, sláttur grasflata, grisjun trjáa og illgresis hreinsun svo eitthvað sé nefnd. 18. júní var haldið örnámskeið í skyndihjálpi fyrir krakkana og 2. júlí námskeið í fjármálalæsi. 13. júlí verður svo námskeið á vegum Jafningafræðslu Suðurlands. Unglingavinnunni lýkur föstudaginn 17. júlí.

Magnús Hlynur Hreiðarsson, umsjónarmaður vinnunnar tók meðfylgjandi myndir, sem sýna hluta af þeim fjölbreyttu verkefnum, sem þessir frábæru unglingar hafa tekið sér fyrir hendur frá því að vinnan hófst 8. júní.





Frábær hjólaheimsókn á Björk

Nemendur grunnskóladeildar Kerhólsskóla gerðu sér lítið fyrir miðvikudaginn 3. júní síðastliðinn og hjóluðu frá skólanum að Björk þar sem Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri og hennar maður tóku á móti hópnum. Krakkarnir fengu að skoða hestana og hlaupa um í sveitinni, auk þess sem boðið var upp á djús og kek. Heimsóknin tókst einstaklega vel og þakkar skólinn fyrir frábærar móttökur. Flestir krakkarnir hjóluðu fram og til baka, ásamt starfsmönnum en Antonía Helga Guðmundsdóttir gerði sér lítið fyrir og hjóp báðar leiðirnar. Magnús Hlynur Hreiðarsson tók meðfylgjandi myndir.





Grillað í Þrastaskógi í boði foreldrafélagsins. Miðvikudaginn 3. júní síðastliðinn bauð foreldrafélag Kerhólsskóla upp á grillpartý í Þrastaskógi þar sem grillaðar voru pylsur fyrir nemendur, starfsmenn og aðra góða gesti, auk þess að bjóða upp á drykki til að skola þeim niður. Einnig var farið í nokkra leiki á flötinni. Samverustundin heppnaðist einstaklega vel enda veður með allra besta móti og allir komnir í sumarskap. Magnús Hlynur Hreiðarsson tók meðfylgjandi myndir við þetta tækifæri.



Magnús Hlynur



Magnús Hlynur



Magnús Hlynur



Magnús Hlynur



Félag húseigenda á Snæfoksstöðum hefur nú komið fyrir sjö „sinuklökkustöndum“ víðs vegar um svæðið, þ.e. við vegi að og við sumarhúsin á Snæfoksstöðum.



Á myndinn er stjórn félagsins við einn standinn, talið frá vinstri Sigurður Þór Sigurðsson formaður, Guðjón Kr.Guðjónsson varamaður, Guðmundur Geir Gunnarsson ritari og Rúnar Daðason gjaldkeri.

Félagið hefur á undanförunum árum látið sig brunavarnir varða og ma. dreift kynningarefni um brunavarnir til félagsmanna, hvatt til, selt og sett upp sinuklökkur á flest hús félagsmanna ofl.ofl.

Vonast er til að þessi framkvæmd nú auki vitund og varnir fólks um hættu á sinu- og kjarreldum á þessu viðkvæma svæði, svo og auki öryggiskennd við það að vita af þessum búnaði ef eldur kæmi upp, auk þess að til staðar sé búnaður á opnum svæðum fyrir hvern þann sem verður var við eða kemur að slíku.

Verkið var unnið af félagsmönnum á „vinnudegi“ sem haldinn er árlega í tengslum við aðalfund félagsins, nú 16.maí sl., og er þá unnið að margskonar umhverfisbótum á svæðinu, s.s. lagningu og merkingu gönguslóða, snyrting gróðurs ofl.

Efnið í klökkustandanna var lagt til af Skógræktarfélagi Árnesinga sem er eigandi Snæfokstaðarjarðarinnar, en um er að ræða grenitré úr skógræktinni á Snæfoksstöðum.

Fimm nemendur útskrifaðir úr 10. bekk Kerhólsskóla

Það var hátíðleg stund í félagsheimilinu Borg fimmtudaginn 4. júní síðastliðinn þar sem útskrift úr Kerhólsskóla fór fram. Fyrst voru 10 nemendur útskrifaðir úr leikskóladeild og svo voru 5 nemendur útskrifaðir úr 10.bekk. Allir nemendur skólans fengu líka afhentan vitnisburð fyrir veturinn. Að lokum var boðið upp á kaffiveitingar. Magnús Hlynur Hreiðarsson tók meðfylgjandi myndir við útskriftina.

Útskrift 1: Nemendurnir fimm kátir og hressir eftir að hafa lokið grunnskólanámi við Kerhólsskóla. Þetta eru þau, talið frá vinstri, Sindri Már Tinnuson, Guðmundur Björgvin Guðmundsson, Helga Laufey Rúnarsdóttir, Margrét Bergsdóttir og Vala Benediktsdóttir.

Útskrift 2: Tíu nemendur úr leikskóladeild útskrifuðust og munu þeir allir hefja nám í 1. bekk grunnskóladeildar í haust.

Útskrift 3: Jóna Björk Jónsdóttir, skólastjóri fór yfir skólastarf vetursins í ræðu sinni en hún sagði að veturinn hafi m.a. verið erfiður vegna ótíðar og Covid-19 en allir starfsmenn og nemendur hafið staðið sig mjög vel í þeim aðstæðum.

Útskrift 4: Ekki var tekið í hendurnar á nemendum við útskriftina vegna Covid-19 en í staðinn beygðu kennarar sig og þökkuðu þannig fyrir veturinn.

Útskrift 5Boðið var upp á veitingar að útskrift lokinni en þær voru lágstemmdari í ár vegna kórónuveirunnar.



Útskrift 2



Útskrift 3



Útskrift 4



Útskrift 5




ÁRTANGI

669-0108

694-8405

Opið alla virka daga frá 10 - 16



Verið hjartanlega velkomin.



Upplýsingar á facebook, sveitagardur@gmail.com
sími 866-5168 eða 898-1599.

Kíkið á okkur á Facebook / Sveitagarðurinn-
Familypark
eða Instagram / sveitagardurinn.

Bundið slitlag á heimreiðar

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti nýlega reglur um kostnaðarpáttöku sveitarfélagsins við lagningu bundins slitlags á heimreiðar að lögbýlum. Fyrirkomulagið er þannig að Vegagerðin greiðir kostnað við undirbyggingu vegarins og helming efra burðarlags, en Grímsnes- og Grafningshreppur ásamt ábúendum greiðir fyrir helming efra burðarlags og allan kostnað við klæðningu á veginn.

Reglurnar sem gilda um verkefnið má finna á heimasíðunni www.gogg.is undir Stjórnsýsla -> Reglur, styrkir og afslættir.

Athugið að ábúendur þurfa að skila inn umsókn fyrir **1. september** ár hvert vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru árið eftir.

Hægt er að senda póst á netfangið gogg@gogg.is fyrir nánari upplýsingar.

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámasstöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. júní til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað



Jóhann Baldursson - ☎ 892 0518

Már Jóhannsson - ☎ 866 6068

Rafvirkjameistarar

ASKALIND 7 – 201 KÓPAVOGUR
KRINGLA 2 – GRÍMSNESI 801 SELFOSS

HÓLABÚÐIN



LAUGARDALSHÓLAR

BEINT FRÁ BÝLI

Við höfum opnað verslun í Laugardalshólum og erum við með nauta- og lambakjöt ásamt ýmsum hannyrðum til sölu.

Verið hjartanlega velkomin.

Erum á facebook undir [Laugardalshólar](#).

Opnunartími verslunar er:

Mánudaga - Fimmtudaga kl. 13-18

Föstudaga kl. 13-21

Laugardaga og Sunnudaga kl. 13-17

Heiða Björg sími 8931281

Jóhann Gunnar sími 8948081



Opnunartími í sumar frá 1. maí 2020

Mánudaga—fimmtudaga 10:00 —18:00

Föstudaga & laugardaga 10:00 —20:00

Sunnudaga 11:00 – 18:00

✓ Á grillið

✓ Langsteikin

✓ Ísinn



*Næstum allt sem þú þarft, líka það sem þú
þarft ekki neitt en langar bara í :)*

Velkomin

Íþróttamiðstöðin Borg



Sumaropnun

MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA KL: 10:00 - 22:00

LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA KL: 10:00 - 19:00



Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími: 480-5580

*Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir
lokun*

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is